

VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR

RITPING

5. NÓVEMBER 2011



VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR

RITPIG / 5. NÓVEMBER 2011



GERÐUBERG
Menningarmiðstöð

Vigdís Grímsdóttir

Pann 5. nóvember 2011 sat Vigdís Grímsdóttir fyrir svörum á Ritþingi Gerðubergs. Stjórnandi þingsins var Jórunn Sigurðardóttir og í hlutverki spyrils var Þóra Sigríður Ingólfssdóttir. Hrafn Jökulsson aðstoðaði við undirbúning.

Jórunn:

Heil og sæl og hjartanlega velkomin á Ritþing um Vigdísi Grímsdóttur. Næstu tvo klukkutímana og hálfum betur, ætlum við litast um í list Vigdísar Grímsdóttur skálds og kynnast svolítið lífshlaupi hennar. Við ætlum að rifja upp kynnin af öllum börnunum í höfundarverkinu hennar Vigdísar. Við ætlum að spyrja hana út í upphafið að skriftunum, erfiðleika og nautnir í skáldskapnum, hvert hún sækir efnivið sinn, hvernig persónurnar, sem við höfum tekið ástfóstri við í gegnum tíðina eða orðið ergileg yfir, hafa komið til hennar og auðvitað heyra hana lesa úr nokkrum verka sinna.

Dagskráin hófst með söng Ellenar Kristjánsdóttur. Hún söng fyrir okkur hið þekktu lag „When I think of angels, I think of you“. Lagið er eftir bróður hennar og textinn líka og það var eiginmaður Ellenar, Eyþór Gunnarsson, sem lék á píanónið. Ellen og Eyþór munu syngja fyrir okkur og leika meira síðar.

Vigdís Grímsdóttir fæddist upp úr miðri síðustu öld, – það er svolítið skrýtið að segja það en svona er það! Hún ólst upp í Laugarnesinu og, eins og sjá mátti á myndunum sem voru hér fyrir ofan okkur áðan og sem aftur gefst kostur á að skoða í hléinu, var fjölskyldan stór og við fáum væntanlega að heyra eitthvað um það hér á eftir.

Vigdís var komin undir þrítugt eða jafnvel orðin þrítug þegar fyrsta bók hennar kom út, smásagnasafnið *Tíu myndir úr lífi þínu: sögur um þykjustuleiki og alvöru drauma*. Smásögur um litlar stúlkur en líka um fullorðnar konur, jafnvel gamlar konur. Þetta eru sögur án titla en það fara nær alltaf ljóð á undan sögunum og þessi blanda ljóða og prósa hefur einkennt verk Vigdísar frá upphafi. Fljótlega fór líka að bera á því að hin skapandi manneskja væri Vigdís afar hugleikin. Eins og til dæmis hún Nína Björk litla í nýjasta verki hennar, *Trúir þú á töfra*, Grímur í *Kaldaljósi* og svo auðvitað skáldin Anna í *Z Ástarsögu* og skrásetjarinn Jóhanna á Grandaveginum og svo framvegis. Rithöfundurinn Vigdís hefur jafnvel komið sjálfri sér beinlínis fyrir í eigin skáldsögu en í síðasta hluta *Prenningarinnar* er meðal annars lýst þeim lífsháska sem höfundi getur verið búinn af persónunum sem hann skapar, skuggapersónum sem vilja verða raunverulegar. En hvar eru persónur raunverulegar? Er það ekki helst í skáldskapnum? Það að skrifa og skapa er Vigdís að minnsta kosti afar hugleikið yrkisefni, sem og ástin. Kannski verður ekki svo auðveldlega skilið þarna á milli, alla vega ekki í höfundarverki Vigdísar. Sögur hennar sýna okkur stöðugt nýjar hliðar á tengslum okkar við annað fólk, í lífinu, ástinni, skáldskapnum. Það er að segja tengsl og ábyrgð lesandans í skáldskapnum eru skoðuð en líka samband listamannsins við það sem hann skapar og við þann efnivið sem hann nýtir sér.

Framan af ferlinum skrifaði Vigdís mikið um börn og er næmleika hennar gagnvart sakleysi og víðáttu bernskunnar hjá börnum og fullorðnum viðbrugðið. En ofbeldi er ekki heldur langt undan, ofbeldi sem gjarnan rústar þessum heimi sakleysis, hinni tæru sýn á heiminn. Ofbeldi sem birtist í náttúruhamförum en líka hreint mannlegt ofbeldi, andlegt og líkamlegt. Í síðustu bókum Vigdísar hefur ástin orðið stöðugt meira í forgrunni, þessi frumkraftur manneskjunnar og sköpunarinnar sem heldur okkur á lífi.

Bækur Vigdísar eru orðnar 17 að tölu; tvö smásagnasöfn, tvær ljóðabækur, ein barnabók og tólf skáldsögur. Mikið verk í heild sinni, nokkur þúsund blaðsíður. Margar bókanna eru ágætlega þykkar og eins og nærri má geta verður hverri bók þessa mikla höfundarverks dugnaðarforsins Vigdísar Grímsdóttur hvergi nærri gerð tæmandi skil hér. En við ætlum sannarlega að gera okkar besta til þess að við

megum öll kynnast Vigdís og verkum hennar, því það er sú eining sem er hér á dagskrá, svolítið betur.

Ég og Þóra Sigríður Ingólfssdóttir ætlum að spyrja Vigdís í þaula en við ætlum líka, svona eftir því hvernig okkur tekst að halda utan um tímann, að reyna að gefa ykkur, ágætu gestir, tækifæri til að spyrja skáldið, jafnvel bara strax eftir hléið. Mér er gert sem stjórnanda að gæta þess að stundvíslega klukkan 14:30 verði gert hlé sem standi í 20 mínútur. Þið hafið sem sagt ágætan tíma til að hugsa ykkur um. Og við höfum svo sem líka ágætan tíma, alveg fram til fjögur en okkur er samt örugglega ekki til setunnar boðið og eins gott að koma sér að verki.

Vigdís, það er okkur heiður og vandi að fá að sitja hér með þér. Af því það er skáldskapurinn sem dregur okkur hingað þá held ég það sé best að byrja á honum og byrja á því nýjasta sem þú hefur sent frá þér, sögunni um hana Nínu Björk. Þú ætlar að leyfa okkur að heyra upphafið, ekki satt?

Vigdís:

Jú. Ég ætla nú að byrja á að þakka Jórinni fyrir indælisinnlegg. Það hefði verið miklu leiðinlegra hefði það verið eitthvert niðurrif hjá henni. Þú orðaðir það svo fallega að ég væri dugnaðarforkur en það var stundum kallað í gamla daga að vera með ritræpu! En það er náttúrlega bara gott mál og tvo orð yfir sama fallega hlutinn, að skrifa. Ég ætla að lesa byrjunina á nýjustu bókinni minni, Trúir þú á töfra. Hún heitir Nína Björk Hauksdóttir, sú litla sem segir söguna. Kaflinn byrjar þar sem hún er orðin fullorðin en reyndar er sagan sögð í fyrstu persónu barns, svona endurgerð minning barns því allar minningar eru endurgerðar.

Saga bernsku minnar líður undir glerhvelfingu innan múrsins og eftir á að hyggja hefði ég ekki viljað missa af neinu; það er ég viss um núna, þótt ég hafi ekki alltaf hugsað þannig þegar ég var stelpa.

Porpið mitt liggur í djúpum dal milli hárra fjalla.

Sumir segja að það sé á Vestfjörðum, aðrir að það sé á Austfjörðum og enn aðrir fullyrða að það sé einhvers staðar á

hálandinu; en satt að segja veit fólkið sem býr hérna ekkert um hvar það er og þess vegna skipta getgátur þess í rauninni engu máli. Við erum hérna, höfum verið lengi og héðan liggur enginn vegur; þetta eru staðreyndirnar og eftir þeim lifum við og okkur hefur bara tekist það furðanlega vel.

Það er reyndar óralangt síðan fólk kom hingað fyrst og þeir sem telja sig fróða segja að frá því að ég fæddist, fyrir rúmlega tólf árum, hafi enginn farið héðan; en þótt ekki sé von á gestum í bráð og hér sé alltaf sama fólkið á ferli ár eftir ár, þá ráfum við þorpsbúar ekki um verklausir og sljóir því að innan múrsins dregur oft til óvæntra tíðinda og þá glymjá klukkurnar okkur.

Á sunnudögum er frelsið til dæmis algjört á torginu.

Þá sleppir fólk sér og nýtur lífsins í botn.

Þá les ég ljóð nöfnu minnar.

Þá finna menn fyrir alsælu tilfinninganna.

- Við skemmtum okkur í hel á sunnudögum, Nína Björk, segir pabbi stundum, en það er ekki fyrr en löngu seinna sem ég átta mig á hvað hann á raunverulega við; menn leggja það ekki endilega í vana sinn að tala skýrt hérna í litla þorpinu í dalnum.

Bernskur hugsunargangur

Jórunn:

Ég get ekki alveg sleppt þér bara með lesturinn. Nína Björk Hauksdóttir, Nína Björk Árnadóttir, – hvor kom á undan, ég meina sem þetta skáldverk?

Vigdís:

Nína Björk Árnadóttir er náttúrulega alltaf fyrst. Það er hún sem er leiðarhnoða, það er hún sem á kannski kjarnann og rauða þráðinn og blóðið í ljóðunum að einhverju leyti. Þegar hún dó árið 2000, fór ég að endurlesa mikið af því sem hún skrifaði, kannski ekki síst vegna þess að ég saknaði hennar og hins vegar vegna þess að ljóðin hennar höfðu alltaf leitað mikið til mín. Ég get ekki alltaf útskýrt hvernig hugmyndirnar koma, þær koma bara eins og óvæntir gestir stundum

og ég svaraði þessari dyrabjöllu. Og hún Nína Björk Árnadóttir, hún leiðir þessa sögu í gegn með sinni alkunnu smekkvísi, eins og ég veit að þið vitið sem þekktuð hana, með sínum mikla og sterka og djúpa kærleika og öllum þeim lúmska undirtóni sem ein skáldkona getur haft. Með henni í ferð eru líka Ingibjörg Haraldsdóttir, sem er nú ekki síðri, Þorsteinn frá Hamri og ýmsir aðrir góðir karlar og kerlingar. Og svo er hún þarna, hún Nína litla Björk Hauksdóttir, með þessa svakalegu frelsisþrá, langar að komast burt, eins og okkur langar nú svo oft, og notar til þess sköpunina.

Jórunn:

Og hún málar, eins og við vitum.

Vigdís:

Hún málar og málar og málar á múrinn umhverfis þorpið sitt. Mig langar voða mikið að biðja ykkur um, ef þið lesið bókina, sem ég vona náttúrulega innilega að þið gerið þó að ég eigi ekki að segja það, að skilja þennan múr bara eins og hann er. Þetta er múr í kringum fjötrað þorp. Ekki fara að hanga í táknum og tilvísunum og öllu þessu heldur leyfið nú þessari bók að koma til ykkar á einfaldan og auðveldan hátt, eins og vatn. Það þætti mér svo vænt um! En ef þið viljið það ekki þá tek ég því bara náttúrulega eins og manneskja.

Þóra Sigríður:

En nú er þetta fjötrað þorp og vitringarnir þykjast eiga allar hugmyndirnar sem koma upp. Hvað með hórurnar sem búa utan við, ef ég má spyrja?

Vigdís:

Hórurnar búa alltaf utan við.

Þóra Sigríður:

Nína sækir alltaf í þær, myndi þetta vera uppreisnin eða hvað? Af hverju eru þær fyrir utan?

Vigdís:

Þær eru nú á gulu engi og í kringum þær eru stórir og miklir braggar sem eru kallaðir hórúhús í þessari sögu og þar býr fólk sem hefur góða yfirsýn til hóranna því þær eru svo oft að skemmta öðrum. Það er gott

að geta fylgst með, líka fyrir lítið barn sem aldrei má sjá neitt nema í myrkri. En mig langar einmitt að lesa svolítið fyrir ykkur eftir hlé um hórurnar sem búa í okkur öllum og ekki síst í körlum!

Jórunn:

Karlarnir og kerlingarnar og börnin: Það er svona venja og hefð á Ritþingum að tala ekki bara um skáldskapinn heldur líka um raunveruleikann þótt það sé kannski ekki alltaf gott að segja hvað er hvað. En við höfum skipulagt þetta þannig að grípa næst niður í persónulegustu eða raunverulegustu bók Vigdísar, sem er *Minningabókin*, sem kom út árið 1990.

Vigdís:

Já, 2. nóvember 1990, á afmælinu hennar mömmu. Pabbi hafði dáið árið 1989 og ég gaf henni þessa bók í afmælisgjöf.

Jórunn:

Og þú ætlar að lesa fyrir okkur svolítið úr þessari bók sem er skrifuð í minningu föður þíns fyrir móður þína.

Vigdís:

Já, það er dálítið erfitt að velja kafla en ég vel kafla sem mér finnst voða gott að lesa. Ekki endilega að það sé svo gott að rifja þetta upp, bara gott að lesa.

*Ligg í heita pottinum. Með ærandi hjartslátt.
Þýtur í eyrunum. Ég er með 10 hjörtu og þau
eru öll of stór. Öll að þröngva sér út úr grænum
bolnum. Ákveð að best sé að breytast í kæfu.
Gráhvíta svellandi kæfu. Kvíði kvöldinu.
Helvítis, bölvuðu kvöldinu. En leysist ég upp
verður því aflýst. Enginn gestgjafi. Bara kæfa.
Reyni að halda mér á floti með olnbogunum.
Leik svani með fótunum. Hitinn drepaní. Og
gufan. Tærnar byrjaðar að soðna. Bráðum er
öllu lokið. Og beinin bráðna. Ógurlegt kvöldið
færast nær. Reynir að toga mig upp úr pottinum
með loðnum krumlum sínum. Sýp vatn. Sprauta*

því út í laugina. Yfir mér standa gleiðfættir karlar í of stórum skýlum. Og barmmiklar kerlingar. Úti á brúnni æðir vörðurinn á svörtum tréklossum fram og aftur og flautar og flautar. Einhver hefur skitið í laugina. Kúkurinn flýtur. Ég held áfram að breytast í kæfu og fæ tár í augun þegar ég uppgötva að ég á aldrei aftur eftir að sjá Tóní Körteis leika ævintýraprinsinn og kyssa Pippi Lorei í vatninu. Tárin þorna þegar þú stendur skellihljæjandi í dyragættinni. Ég er að kyssa leikaramynd af Tóní. Hinar myndirnar í bunka á gólfinu. Rýk upp og stappa niður fótunum. Þeyti öllum myndunum út í loftið. Öskra. Þú hlærð og hlærð og segir að það sé naumast og ég hendist framhá þér og út á róló og ákveð að deyja, deyja bara í klessu, verða fyrir rólu og deyja. Við matarborðið kinkarðu til mín kolli og ég veit að þú segir engum. Veit að þú veist að ég elska Tóní þótt ég skammist mín fyrir að þú sást að ég kyssti hann. Framvegis mun ég kyssa hann undir sæng. Í myrkri. En nú mun ég aldrei sjá hann framar. Ekki þig heldur. Og krakkana og mömmu. En allt er betra en kvöldið. Ákveð að súpa vatn. Teyga. Og vörðurinn flautar og flautar. Allir upp úr. Og inn. Margir kúkar fljóta. Allir upp úr. Og inn. Ég verð að taka því sem að höndum ber. Flýti mér heim. Laga til og laga til og laga til. Þýt um íbúðina eins og njósnamegur. Enginn skal sjá Þjóðviljann. Enginn má vita að pabbi minn er kommúnisti. Stelpurnar uppgötvuðu að pabbi einnar er kommúnisti. Í dag talar enginn við hana. Og allir hvísla þegar hún birtist. Hvísla og pískra. Finn alla Þjóðvilja. Snýst með þá í hringi á gólfinu. Snýst og snýst. Bráðum koma stelpurnar. Ó ef asnarnir hefðu ekki kúkað í laugina. Heyri í þér frammi á ganginum. Snýst með Þjóðviljann. Fer að gráta ofan í bunkann.

Efsta blaðið blotnar. Snýst og snýst. Heyri líka í mömmu frammi á ganginum. Þú horfir á mig í dyrunum. Spyrð hvort ég sé að dansa við Þjóðviljann. Ég er mjóróma. Ég er slönguleg og mjóróma og segist ekki vita hvar ég eigi að geyma hann. Stelpurnar séu að koma. Hvar ég eigi eiginlega að geyma hann. Hann geti ekki verið í stöflum. Megi ekki vera í stöflum. Stelpurnar geti séð hann. Mamma kallar og spyr hvort hún eigi að hita kakó með kökunum. Ég á afmæli. Ég er tíu ára. En hvar á Þjóðviljinn að vera? Hvar! Þú tekur bunkann. Ert skritinn í augunum og spyrð um leið og þú beygir þig niður til að stinga blöðunum undir sófann hvort ég skammist mín fyrir þig. Nei, ég skammast mín ekki fyrir þig. Ég skammast mín ekki fyrir neitt. Og ég tek blöðin og sting þeim í blaðagrindina. Þú mátt ekki halda að ég skammist mín. Um kvöldið drekka stelpurnar kakóið og borða kökurnar. Engin þeirra lítur í blaðagrindina. Engin þeirra hugsar um Þjóðviljann.

Póra Sigríður:

Já, þetta er ákaflega skemmtileg lýsing. Manstu þetta svona vel?

Vigdís:

Allar minningar eru endurgerðar!

Jórunn:

Þú skammaðist þín sem sagt ekkert svo mikið fyrir kommúnistann, pabba þinn?

Vigdís:

Í rauninni er þessi minning mjög sterk. Þess vegna skrifaði ég hana niður, meira og minna afbakaða kannski eins og allar minningar. En það var sko aldrei talað um pólitík á heimilinu okkar. Þegar maður reyndi eins og maður gat að fá mömmu eða pabba til að segja hvað

þau kusu, þá sögðu þau bara: Þetta voru leynilegar kosningar. Að vísu var þetta í gamla hverfinu, ég var í Langholtsskóla og þar var mikil dýrkun á íhaldinu. Þau börn, sem tilheyrðu slíkum fjölskyldum, fengu kannski betra atlæti en hin voru svona sett hjá og maður vildi ekkert vera þar. Og ég gleymi ekki þessari tilfinningu sem ég fékk, að ég var alveg hreint að drepast, ef það skyldi finnast, þetta yndislega blað sem ég sakna svo mikið í dag og finnst vanta svo inn í umræðuna.

Þóra Sigríður:

En það er svo áberandi bernskur hugsunargangur í verkum þínum. Börnin liggja gjarnan á hleri, þau upplýsa lesandann um það sem er að gerast, sem annar sögumaður gæti kannski ekki gert, og börnin er oft fórnarlömb einhvers konar ofbeldis. Ást og ofbeldi er blandað saman. Börnin liggja á gægjum og þau bera miklar byrðar. Í *Tíu myndum úr lífi þínu* er lítil stelpa sem þarf að horfa upp á kúgun á móður sinni. Samband Lindu í *Þögninni* við ömmu sína er svona geðveikissamband. En svo eru börnin líka skemmtilegustu persónurnar. Eins og þegar Grímur sér nornina á kústskaftinu fljúga fram hjá glugganum hjá sér, þá byrjar ævintýrið raunverulega. Ég velti því fyrir mér þegar ég er að lesa verkin þín hvað þú virðist hafa haldið í barnið í þér.

Það er ein saga, sem mig langar að rifja upp, sem eiginlega sannar þetta. Ég hitti konu á Blindrabókasafninu um daginn, sem er á mínum aldri, og Vigdís var þar að lesa og þessi kona sagði við mig: Ég hitti Vigdísu Grímsdóttur þegar ég var 18 ára og ég mun aldrei nokkurn tíma gleyma þeirri stund, vegna þess að það var svo ótrúleg reynsla. Og ég bað hana að rifja það upp fyrir mér. Og hún skrifaði mér í gærkvöldi hvernig þetta hefði verið nákvæmlega og hún sagði:

Einhvern veginn uppgötvaði Vigdís að ég hafði stolist inn á Blindrabókasafnið utan opnunartíma, því ég starfaði þar og hafði lykil, til að ná mér í bækur til að hlusta á. Henni fannst það brílljant. Hún sagði að margt væri á sig leggjandi fyrir bóklestur, jafnvel að stelast og fara á svig við reglurnar. Og hún hvatti mig til að stelast og velta fyrir mér tilgangi þess. Ef hann væri sá að þjóna lestrarþorstanum eða í þágu listagyðjunnar þá skyldi ég ekki hika. Hún vildi vita hvort ég skrifaði ljóð eða sögur en þar sem ég gaf lítið út á það þá sagðist hún vera viss um að ef ég gerði það ekki nú þegar, þá ætti ég það eftir.

Vigdís:

Heyrðu, ég bið að heilsa henni!

Póra Sigríður:

Ég skila því, kannski er hún hérna einhvers staðar! Að skrifa út frá sjónarhorni barnsins, hefurðu haldið barninu lifandi innra með þér?

Vigdís:

Ég held að barnið sé nú lifandi innra með okkur öllum, ég held að ég hafi ekki haldið því meira lifandi en aðrir. Það er þarna í okkur öllum en við erum náttúrulega að fela það. Við getum ekki setið hvert á móti öðru, fullorðnar manneskjur, með allar þær kröfur sem til okkar eru gerðar og beðið um snuð! En guð hvað það væri oft gott að leggjast í vagn og kúra þar eða láta hugsa um sig eins og lítið barn. Auðvitað geymir maður barnið í sér, annars væri maður ekki fullorðin manneskja. Það er bara þannig. En ég held að mitt barn sé ekkert meira áberandi heldur en ykkar eða þitt.

Jórunn:

En þú beitir þessari bernsku sýn mjög markvisst í mörgum bókum. Finnst þér þú geta skyggnst dýpra eða með öðrum augum og huga þegar þú beitir barninu svona fyrir þig? Þú beitir jafnvel sýn inn í aðra heima, svona einhvers konar hliðarheima, innri heima og stundum meira að segja handanheima. Sum börn verða jafnvel aldrei fullorðin í bókunum þínum.

Vigdís:

Þú vilt að ég hafi geymt í mér barnið? Ég hef nú gert það, eins og ég segi. Það er svo rosalega gaman að nota sjónarhorn barns. Svo eldist þetta barn og gengur úr sér eins og við öll. Þetta sjónarhorn, þessi einlægni og þessi fegurðarþrá í börnum er kannski eyðilögð alltof snemma en mér þykir yndislegt að fá tækifæri til að nota sjónarhorn barnsins. Svo talarðu um kúgunina og allt þetta. Börn byrja nú snemma að verða vör við kúgunartækin í kringum sig en það er auðvitað erfiðast og verst ef það bitnar á börnum og það á ekki að gera það. Auðvitað eru þessar bækur ekkert skrifaðar bara til þess að skrifa þær; mig langar voða mikið að eiga eitthvert erindi með þeim. Sumir hafa nú sagt að þær séu stundum svo flóknaðar og erindin svo mörg að það sé bara ekki í lagi.

En mér finnst það samt allt í lagi, – erindin eru samt þarna. Og ef það er eitthvað erindi að skrifa mikið um börn og sjá lífið og tilveruna út frá þeirra augum og hugmyndum, þá er það allt í lagi. Þar sem tíminn er ekki til þá er heldur ekkert héðan, hérna megin eða hinum megin, heldur til. Það er ímyndunin sem ræður, þessi óhefta ímyndun, sem er ekki byrjuð að stjórna, því jafnvel í kúguðu barni er ímyndunin frjáls.

Jórunn:

Jafnvel sérstaklega í kúguðu barni.

Vigdís:

Já, kannski sérstaklega.

Ég get sjálfri mér um kennt

Þóra Sigríður:

Þú segir gjarnan ef maður spyr: Ég er ekkert öðruvísi en annað fólk, svona eru allir. En málið er að það snjóar yfir æskuna og bernskuna í manni en það virðist ekki hafa gerst hjá þér. Að minnsta kosti tekst þér að koma á framfæri einhvers konar bernsku sem rifjar upp bernsku manns sjálfs, sem opnar einhvers konar sýn, sem er margföld og veldur bókmenntafræðingum kannski einhvers konar vandræðum. En eru börnin í bókunum þínum að einhverju leyti þú sjálf?

Vigdís:

Já, ég ætlaði einmitt að grípa þetta og fá að tala um þetta. Þessi bók sem ég las úr áðan, *Minningabók* sem ég skrifaði til hennar mömmu, þetta er ég sjálf. En hinar bækurnar, þó að þær séu skrifaðar í fyrstu persónu, eru ekki ég sjálf nema að hluta til. Það er ég auðvitað sem vel efnið inn og stýri þessu og pakka þessu saman í bók og svona. En þetta er ekki allt ég sjálf því ég bara gæti þá ekki setið hérna, ef þetta ætti að vera allt saman ég sjálf.

Jórunn:

Þá værirðu lokuð inni!

Vigdís:

En það er eins og Guðrún Helgadóttir segir: Maður byggir alltaf meira og minna allt sem maður gerir á sjálfum sér. Maður er þarna, maður er sveimandi yfir vötnum, maður er klifrandi þarna upp á fjöllin en þetta er samt ekki ég, skiljið þið? Og ég var einmitt svo hrifin af því þegar Guðrún nefndi þetta, hún var að ég held fyrst höfunda til að ýta því ekkert frá sér að höfundurinn væri þarna á sveimi meira og minna. En svo í sambandi við viðtökur að þá er athyglisvert að fólk var svo mikið að velta fyrir sér hvort ég væri í *Kaldaljósi* eða *Ísbjörgu*, hvort þetta væru dulbúnar ævisögur mínar, en þegar *Minningabók* kom út, þá hafði enginn áhuga á mér þar! Svona er nú bara skáldskapurinn. Og einhvern tíma þegar ég var eitthvað að væla yfir þessu þá sagði einn góður maður við mig, blaðamaður: Þú getur sjálfri þér um kennt! Og það er einmitt það sem ég get gert; ég get sjálfri mér um kennt.

Jórunn:

Mig langar að binda tvöfalda slaufu á þessa umræðu um börnin því þú hefur líka skrifað fyrir börn. Mig langar að bókin um Gauta vin minn gleymist ekki. Fullorðin kona og barn sem fara saman inn í draumaheima með hjálp töfraaugans. Og þarna er gulur heimur, gult tún eins og í *Trúir þú á töfra* – eða gult engi. Gilda önnur lögmál þegar þú ert að skrifa bók fyrir börn heldur en þegar þú ert að skrifa um börn fyrir fullorðna? Finnst þér þú þá þurfa að passa þig?

Vigdís:

Þessi bók um hann Gauta, hún heitir *Gauti vinur minn*, það er eina barnabókin sem ég hef skrifað sem hefur komið út og hún var skrifuð til þess að vera mjög tælandi. Ég tileinkaði hana syni mínum sem vogaði sér að flytja til útlanda og vera ekki lengur undir mínum yndislega verndarvæng og ætlaði ekkert að koma heim aftur. Ég hafði einhvern tímann lofað honum því að tileinka honum bók. Ég vissi að honum myndi þykja dálítið vænt um það og ég gerði það og það átti að tæla hann til landsins aftur. Það gekk ekki. En hann kom núna til þess að sitja hérna og vera með mér.

En það er engin önnur stelling, held ég. Maður skrifar af því maður hefur svo mikla þörf fyrir að skrifa og maður getur ekkert verið að velja sér eitthvert sérstakt háseti eða lágsæti til að sitja í á meðan.

Jórunn:

Áttu fleiri barnabækur?

Vigdís:

Já, ég á bækur sem ég hef ekki gefið út.

Þóra Sigríður:

Stendur til að gefa út fleiri barnabækur?

Vigdís:

Ég hef bara ekkert rætt það. Þið ættuð að tala um það við hana Sif, hún er nú hérna.

Kjaftshögg eða kinnhestur

Jórunn:

Það verður spennandi. En næsti texti sem við ætlum að lesa, hann er líka hluti af þessum barnaheimi og sprengdi allt hvað vinsældir og væntumþykju lesandans áhrærir, það er auðvitað bókin um hann Grím Hermundsson, *Kaldaljós*. Eigum við ekki að drífa í því að lesa um hann Grím?

Vigdís:

Jú, ég ætla að lesa hérna bréf. Í raun á Grímur í mjög sérstöku sambandi við gamla konu, sem heitir Álfrún, í þessari sögu. Hún ákveður að fara frá honum og hverfur inn í tímann, þessi gamla kona sem hefur fylgt honum, en skilur eftir sig bréf. Það er í rauninni næstum því eins og ástarsamband á milli þeirra. Og bréfið er svona:

Grímur vinur minn!

Þegar þú lest bréfið verð ég farin burt úr þessum firði. Nú er minn tími kominn. Þetta verður mér langt ferðalag, einsog raunar öll mín ferðalög hafa verið. Ég kem ekki aftur núna einsog síðast þegar ég fór og kvaddi líka dreng í bréfi. Það var engin tilviljun. Sá drengur var líkur þér í mörgu en þegar ég kvaddi hann var mér ljóst að hann var ekki sá drengur sem mundi leysa mig úr álögum. Til þess entist

honum ekki gæfan. Það reyndist líka rétt og ég kom aftur sama dag og Grímur eldri drukknáði. Þá ríkti sorg í firðinum. En ég beið þín. Og þú komst og leystir mig undan oki tímans. Það var þrekvirkri þótt áreynslulaust væri það frá þinni hendi og ég get seint þakkað þér það. Samt mun ég reyna.

Grímur minn, ég veit að ýmislegt mun á daga þína drífa. Sumt muntu skilja og annað ekki. Reyndu að skilja allt en sættu þig við að sumt getur þú ekki skilið og sumt er ekki hægt að skilja hvað svo sem menn reyna til þess. Líf mannsins er í rauninni ofar skilningi hans, eins undarlega og það kann að hljóma. En hvað sem á þér dynur, vinur minn, þá verður þú að muna að í veröldinni fyrirfinnst engin tilviljun. Og gleymdu heldur aldrei að í veröldinni eru margir litir og þeim litum öllum verður þú að reyna að sinna. Þú verður að fara vel með það sem þér var gefið.

Jórunn:

Það er kannski svolítið gegnumgangandi og undirliggjandi áminning í öllum þessum fyrstu stóru skáldsögum þínum, *Kaldaljósi*, *Ég heiti Ísbjörg*, *ég er ljón* og síðar í *Stúlkunni í skóginum* og *Grandavegi 7*, sem má líta á sem ákveðna heild. Þarna er bernskan og svo framvegis. En hvað viðtökurnar varðar, þar var svolítið misjafnt upp á teningnum.

Þóra Sigríður:

Já, það var með ráðum gert að fá Vigdís til að lesa úr *Kaldaljósi* sem allir elskuðu út af lífinu. En áður en við höldum áfram með þessa umræðu þá ætlum við aðeins að rifja upp bókina *Ég heiti Ísbjörg*, *ég er ljón* sem flestir muna nú eftir. Hún kom út árið 1989 og vakti mikil viðbrögð. Og svona rétt til upprifjunar þá fjallar bókina um Ísbjörgu Guðmundsdóttur, sem situr í fangelsi og hefur tólf tíma til þess að segja sögu sína. Hún hefur sem sagt framið morð og hún rekur söguna fyrir verjanda sínum, frá því hún er átta ára, og segir frá uppvexti sínum. Hún elskar sína vanhæfu foreldra en pabbi hennar brýtur gegn henni kynferðislega þegar hún er átta ára og svo fremur hann sjálfsmorð í kjölfarið og skilur konu sína og dóttur eftir, fullar saknaðar og sjálfsásakana. Mamma Ísbjargar hrynur algjörlega og Ísbjörg raunverulega tekur hana að sér og verður foreldri hennar. Og Ísbjörgu finnst hún vond og ljót og svört og hún leiðist út í vændi. Þar hittir hún viðskiptavin sem ætlar að eignast hana og það endar með því að hún drepur hann. Og hún rekur sem

sagt þessa sögu fyrir verjandanum.

Þegar ég las þessa bók í fyrsta sinn, ég las hana reyndar þrisvar, þá varð ég eiginlega alveg brjáluð. Ég henti henni frá mér og neitaði að lesa Vigdís næstu árin og ég vissi í raun ekki af hverju. Svo fór ég að lesa hana aftur núna fyrir stuttu og þá áttaði ég mig á því hvað það er. Það er náttúrliga reiðin sem liggur í aðalpersónunni sem sest að í manni, misréttið, óréttlætið. Þetta hristir upp í manni: Hvað er rétt og hvað er rangt? Hið viðtekna er allt í einu kannski ekki það rétta. Þetta vekur upp siðferðilegar spurningar hjá manni og manni er raunverulega sparkað út úr þægindarammanum. Þarna er verið að tala um tabú eins og vændi og sífjaspell, geðveiki og morð. Í sambandi við þetta þá vorum við að velta fyrir okkur að *Kaldaljós* hefði verið eitthvað sem þjóðin elskaði en svo kom *Ísbjörg* og þá voru viðtökurnar öðruvísi. Að vísu fékk hún yfirleitt góða dóma en hvernig voru viðtökurnar svona út á við? Hvernig brást fólk við bókinni og þér?

Vigdís:

Það var nú gert leikrit í kjölfarið á útkomu þessarar bókar. Bókin kom út '89 og þið vitið, - það var ekkert vændi þá og það hafði ekki eitt einasta barn verið misnotað svo nokkur vissi til. Þannig að þetta var bara bók sem fór alveg rosalega illa í fólk. Það tók því þannig að höfundurinn væri að ýta við litlu, fallegu, grænu fuglaeyjunni. En það var ekkert endilega það sem höfundurinn var að gera; hann var bara að skrifa um það sem var honum hjartfólgið.

Og varðandi þetta tvennt þá verð ég að segja ykkur sögu, sem ég hef kannski þegar sagt einhverjum sem er hérna. Þegar ég var að kynna *Kaldaljós*, þá fór ég einu sinni til að lesa upp úr henni og kynna hana í stórum skóla. Og ég fann þegar ég kom inn í salinn, það var þéttskipaður salur, svo mikla hlýju og svo mikil elskulegheit. Þetta er ægilega þægileg tilfinning, þið hljótið að hafa fundið hana. Það er eins og maður sé svona velkominn heim og það var svo gott að kveðja og ég kvaddi og lét mér detta í hug að ég væri góð manneskja, sæmileg manneskja. En svo fór ég að skrifa um *Ísbjörgu* og þetta var efni sem var búið að leita á mig lengi og ég hafði rannsakað töluvert lengi. Þá fór ég aftur í sama skóla, að vísu höfðu einhverjir farið og aðrir komið inn, en salurinn var fullur af fólki og ég mætti þarna tveimur

árum seinna með *Ísbjörgu*. Og það var ekki gott! Það var eins og að rekast á vegg. Ég fann kuldann streyma að mér og spurningarnar voru hranalegar. Ég reyndi að vanda mig við upplesturinn en ég var hrædd þegar ég las vegna þess að salurinn var svo vondur. Þegar ég kvaddi þá hafði ég þessa sterku tilfinningu að ég væri vond manneskja og ætti sannarlega skilið þessar viðtökur. En málið er þetta, eins og ég sagði áðan; blaðamaðurinn sagði: Þú getur sjálfri þér um kennt! *Kaldaljós* er um Grím, hugsanir hans eru fallegar, fólkið hans er gott, hann missir það, hann saknar þess. Hann leiðist út í ógöngur og smá geggjun af því hann á svo bággt og er svo mikið fórnarlamb aðstæðna. En *Ísbjörg*, sem er ekkert nema bölvíð og ragnið og tekur því ekkert sem gefnu að lífið sé eins og það er, hún meiddi. *Ísbjörg* er skrifuð í fyrstu persónu og þá héldu menn að ég væri að skrifa um mitt eigið líf. Og það virkilega gekk svo langt að fólk spurði mig hvort hann Guðmundur, pabbi hennar Ísbjargar, væri pabbi minn. Og þegar maður fær svona, hvað á maður að segja? Auðvitað ekki, þetta er skáldsaga! Þetta er ekki ævisagan mín! Hann pabbi var besti vinur minn. En ég veit ekki hvort einhver hlustaði á það því árið eftir *Ísbjörgu* kom *Minningabókin* út sem gefur nú ekki ljóta mynd af þeim manni en það hafði enginn áhuga á henni. En það er þetta sjónarhorn. Og þó svo að manni sé svona ruglað saman við sögumanninn og þó svo að maður eigi hluta af hans orðum og tilfinningum, þá mun ég sko ekkert hætta að skrifa í fyrstu persónu. Og mér er eiginlega alveg sama.

Ég hitti til dæmis stóran hóp af konum '89, árið sem *Ísbjörg* kom út, sem spurði mig hvort ég hefði drepíð mann. Í alvöru, þetta voru konur á framabraut! Er það ekki dásamlegt og þessi spurning er raunveruleg! En ætli ég hefði þá, í þessu góða dómskerfi sem við höfum, setið þarna og verið að lesa upp úr þessari ljótu bók? Sem ég hvet ykkur eindregið til að kynna ykkur.

Jórunn:

Stundum er sagt að höfundur sem skrifar í fyrstu persónu þurfi að leggja talsvert á sig til þess að ná tengslum við persónuna, til þess að vera sannfærandi í skrifum sínum og sköpun þessarar manneskju. Reyna að fara bara hreinlega eins nálægt henni og hann mögulega getur, þótt þetta sé náttúrulega ekki persóna sem er til, í þeim skilningi. Fyrsta persónan hlýtur alltaf að vera erfiðari en hinar, er það ekki?

Vigdís:

Ég veit það ekki. Ég get ekki svarað því. Ég hef líka skrifað bækur í þriðju persónu sem hafa virkilega tekið á. En aðallega finnst mér ofsalega gaman að skrifa, nema kannski síðustu árin, þegar ég fór í mikið ritstopp. En yfirleitt hef ég notið þess mjög mikið að skrifa.

Póra Sigríður:

En kemstu nær persónum þínum með því að skrifa í fyrstu persónu?

Vigdís:

Ég breytist dálítið í þær! Þess vegna nota ég svo sjaldan karlmann sem aðalpersónu!

Póra Sigríður:

En svo má líka spyrja: Hvað eru góðar bókmenntir? Hvað eru góðar viðtökur? Er það klapp og faðmlag eða er það kjaftshögg? Þótt það sé erfitt að fá kjaftshögg eða kinnhest, þá hefur raunverulega eitthvað gerst. Hvað finnst þér um það?

Vigdís:

Mér finnst betra að fá klapp! Það er bara svo mannlegt. Kannski hugsa ég með mér, ef ég hef fengið kinnhest, að ég muni hefna þess síðar og ekki láta neinn hárlökk til þeirrar persónu! En auðvitað þykja okkur betri góðar kökur, góður matur er betri en vondur, góður dómur er betri en vondur dómur. Maður er bara svona einfaldur. Auðvitað á maður að geta sagt að maður læri voða mikið af vondum dómum en maður gefur eitthvað út og gefur það frá sér og það er bara gott ef fólki þykir vænt um það. Það er bara vont ef fólki þykir ekki vænt um það.

Póra Sigríður:

En þykir fólki ekki vænt um Ísbjörgu? Nú er liðinn svolítill tími en þetta er raunverulega eitthvað sem gleymist ekki, kinnhesturinn gleymist ekki. Maður man!

Jórunn:

Nú fer að líða að lokum fyrri hluta hjá okkur en mig langar að spyrja þig aðeins út í þetta ofbeldi. Kynferðisleg misnotkun, nauðgun og ég tala nú ekki um sífjaspell sem er kannski versta og afdrifaríkasta tegund

ofbeldis sem hægt er að hugsa sér. Af hverju vildirðu skrifa um svona stóran kraft, sem er og hefur reyndar alltaf verið dálítið falinn í okkar samfélagi?

Vigdís:

Ég hafði bara áhuga á að skrifa um þessa stelpu sem lenti í þessu öllu saman. Skrifa um eitthvað raunverulegt.

Jórunn:

Lá heimildavinna að baki?

Vigdís:

Já, mikil heimildavinna og það er það nú yfirleitt í skáldskap, held ég, að það liggur að baki heilmikill lestur og heimildavinna þó að það sjáist ekki endilega. En þegar *Kaldaljós* kom út á eftir *Ísbjörgu* þá velti ég þessu fyrir mér með að skrifa þakklátar bókmenntir og vanþakklátar bókmenntir. Það er kannski þægilegra að vera þar, að sigla þann lygna sjó að skrifa um það sem fólki þykir vænt um og annað slíkt. Og þótt ég ætli ekki að fara að líkja mér við Denzel Washington, þá ætla ég samt að taka dæmi um hann, sem lengi vel lék alltaf góðu mennina. En þegar hann fór að leika vondu kallana, vondu löggurnar, svínin, þá fyrst fékk hann einhverja þyngd í sinni listsköpun. Ég er voða hrifin af þessu, samsama mig eitthvað við þetta. En svo ef maður skoðar kannski *Kaldaljós*, sem á nú að vera svo yndisleg, þá er nú margt þar líka sem er ekki svo gott. Og svo er það með *Ísbjörgu*, það eru voða huggulegir litlir kaflar þar inn á milli, ægilega fallegir. Menn hafa bara ekki tekið nóg eftir þeim.

Jórunn:

Hitt er náttúrlega svo stórt og afgerandi að það berst kannski síður í tal, þetta fallega.

Þóra Sigríður:

Svo er náttúrlega mikið andlegt ofbeldi í *Þögninni*. Það er náttúrlega ofbeldi líka, bara af öðrum toga. Ég las einhvers staðar að þú værir jafnvel að tala um hvernig ein manneskja getur tekið heila þjóð og kúgað hana, tala um Hitler og Stalín og eitthvað slíkt. Hvernig voru viðbrögðin við *Þögninni*. Voru þau eitthvað í líkingu við *Ísbjörgu*?

Vigdís:

Nei, mönnum sýndist sitthvað. Annað hvort fannst mönnum þetta vera dýrlegur skáldskapur eða rosalega leiðinleg bók. Það var ekkert þar á milli. En ef þú spyrð mig svo hvort mér fannst betra, þá fannst mér miklu betra að heyra að þetta væri dýrlegur skáldskapur! En það hefur kannski verið þannig með margar mínar bækur, viðtökurnar hafa skipst í tvö horn. Oft held ég að höfundinum sjálfum hafi verið ruglað saman við en höfundurinn er auðvitað líka afskaplega trúflandi fyrirbæri.

Jórunn:

Það er alveg að koma hlé og mig langar að ná beygjunni yfir í það sem hefur kannski einkennt bókmenntir þínar og skáldskap í æ ríkara mæli í seinni tíð og það er ástin. Af því við ætlum að fá Eyþór og Ellen til að flytja okkur lag um ástina á eftir. Ég er hérna með *Z Ástarsögu* en vil samt ekki fara út í hana hér og nú. Við höfum eiginlega ekki tíma fyrir það fyrr en eftir hlé. En þar er ástin einhvern veginn í algleymi, allar tegundir af ást og miklar tilfinningar. Getur þú sagt okkur eitthvað um ástina? Geturðu hjálpað okkur að komast frá ofbeldinu? Eða er ástin líka ofbeldi?

Vigdís:

Já, þið komuð ykkur sjálfar út í ofbeldið en ég skal koma ykkur út úr því með því að segja: Ástin er eins og sinueldur, ástin er segulstál! Ástin er náttúrulega magnað afl sem knýr alla hluti áfram og án hennar værum við örugglega ekki hér og án hennar væri enginn heimur, engin jörð. Þannig að hún er ekki endilega ástin á milli mín og þín eða þín, hún er bara þetta sterka og mikla hreyfiafl hlutanna. Við megum ekki sleppa henni.

Jórunn:

Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson, gjörð svo vel!

HLÉ

Finn til með vantrúuðum

Jórunn:

Velkomin til seinni hluta Ritþings um Vigdísí Grímsdóttur sem við hófum, eins og fyrri hlutann, með söng Ellenar Kristjánsdóttur við meðleik eiginmannsins, Eyþórs Gunnarssonar. Nú var Megas höfundur lags og texta, „Tvær stjórnur“. Vigdís valdi þessi lög sem Ellen flutti en Ellen er nú horfin á braut ásamt Eyþóri og við þökkum bara kærlega fyrir. Þau þurfa að syngja víðar, eins og svo margir.

En því var lofað fyrir hlé að gefa tækifæri til spurninga hér í upphafi seinni hlutans, svo það farist nú ekki alveg fyrir þegar við förum að renna út á tíma. Langar einhvern að spyrja einhvers í sambandi við það sem við fórum yfir í fyrri hlutanum? Gjörðu svo vel, ef þú vildir byrja á að segja hvað þú heitir.

Úr sal:

Ég heiti Rannveig Jónsdóttir og mig langar að spyrja Vigdísí hver var kveikjan að skáldsögunni *Þögninni*.

Vigdís:

Það er nú svo skrítið að ég get ekki alltaf svarað því beint. En ég held það hafi verið valdbeiting, eins og kannski svo oft hjá mér, það er hugmyndin um valdbeitinguna. Og hugmyndin um tónlistina og þagnirnar í henni. Og kannski hugmyndin um sköpunina og ennþá að nota svona litla stelpu eða unga konu. Hún verður líka að vera ung í þessari bók til að takast á við lífið í sjálfri sér. Og til hamingju með bókina þína sem var að koma út, *Á rauðum sokkum*, - og Olga líka!

Jórunn:

Við fylgjumst með því! Einhverja fleiri sem langar að koma með skilmerkilega spurningu til Vigdísar?

Úr sal:

Ég heiti Soffía Auður Birgisdóttir og mér datt í hug, af því þið voruð svo mikið að tala um hvernig skáldsögurnar þínar hafa verið heimfærðar upp á þig sjálfa: Við erum svo skrítin, við Íslendingar, því við virðumst alltaf lesa skáldsögur ævisögulega. Eða eins og Einar Már sagði; með

símaskrána við hliðina á okkur! En hins vegar trúum við engu sem fólk skrifar í ævisögum sínum. Við segjum að ævisögur séu helvítis lygi. Er ekki ráð að fara að skrifa ævisögu? Vigdís, ætlaðu að skrifa ævisögu þína?

Vigdís:

Nei, svo lygin er ég nú ekki! Það væri svo ótrúlega margt sem ég þyrfti að sleppa. Það er samt rosalega gaman, ég hef skrifað eina ævisögu og það er kannski svona sterkasta trúnaðarsamband sem ég hef komist í við eina manneskju, sem er Bibí. Og kannski er það sú bók, sem er fjarskyldust nokkrum skáldskap, sem hefur kennt mér í mínu þægindalífi mest. Ég hefði aldrei trúað því að manneskja gæti átt jafn erfitt líf, í rauninni allt frá blautu barnsbeini og komið út úr því jafn heil og jákvæð og falleg manneskja og hún er. Ég hafði lesið dálítið mikið í kringum miðla þegar ég skrifaði þessa ævisögu Bibíar en bókin er frekar þessi saga hennar sem manneskja, miðilsskapurinn liggur svona á milli hluta. En ég hefði í raun aldrei trúað því að það væri hægt að ganga svona aftur og aftur í gegnum miklar sorgir og erfiðleika og standa alltaf teinrétt eftir. Því að það gerir hún og aldrei með neinum brussugangi heldur sem falleg og góð manneskja. Hún er alla vega ekki eins og Hallgerður. Hún hefði kannski getað orðið það en hún varð það ekki því hún kaus, eftir sína hörðu ævi, að láta hárlokkinn þegar Gunnar bað hana um það. Hann hét að vísu öðru nafni en hann hafði kannski ekki verið besti maður í heimi við hana og þegar hann svo dó þá sat hún þar. Það stendur ekki í bókinni en ég tek mér það bessaleyfi að segja það til að lýsa henni ennþá frekar. Einhverjir höfðu sagt að þeir tryðu ekki, eins og þú ýjar að í rauninni, sögunni hennar og þá bara er það þannig. Ég finn til með öllum vantrúuðum.

Jórunn:

Ég held að ég loki mælendaskrá hér og nú en kannski höfum við aftur tíma í lokin og við höldum áfram í þjappaðri dagskrá.

Kaldaljós, eins og við sögðum áðan, náði almennti hylli. *Ísbjörg* vakti aðdáun og misjöfn viðbrögð reyndar. Síðan komu tvær ljóðabækur, *Minningabók* og *Lendar elskhugans* og eftir það kom ný skáldsaga og aftur eitthvað alveg nýtt. Hún er ágæt til að vekja viðbrögð, hún Vigdís, láta okkur fá „hissuna“. Þetta er ævintýrabók úr raunveruleikanum

þar sem sakleysi og einlægni takast á við sókn eftir viðurkenningu og miskunnarleysi sköpunarinnar til að ná árangri. Þetta er auðvitað *Stúlkan í skóginum* sem, líkt og fyrri verk Vigdísar, er marglaga og fjallar um ýmis siðferðileg málefni eins og ábyrgð listamannsins og tengsl hans við viðfangsefni sín en líka um það að njóta listarinnar og ábyrgð lesandans eða þess sem nýtur listarinnar.

Við skulum byrja á því að heyra Vigdís lesa lítið brot úr *Stúlkunni í skóginum*.

Vigdís:

Það eru semsagt þessar tvær aðalpersónur sem eru að tala saman, eiga einhver samskipti. Það er Hildur sem er brúðugerðarkona og Guðrún sem safnar bókum. Og þessi Guðrún, hún er í kaffiboði, það má ekki gleyma því, hjá Hildi.

- *Og hvað finnst þér svo um brúðurnar mínar? spurði hún og sleppti hendi minni. Ég saknaði snertingarinnar, langaði til að hún stryki handarbakið dálitla stund og fann að ég roðnaði.*

- *Mér þykja þær fallegar, sagði ég.*

- *Eru þær allar fallegar? spurði hún og renndi nú fingrunum eftir handarbakinu og örlítið upp á úlnliðinn. Ég roðnaði ekki en lygndi aftur augunum.*

- *Ég hef ekki skoðað þær allar vandlega en ég held að mér þyki þær allar fallegar.*

- *Finnst þér þá engin þeirra ljót?*

Hún greip nú þéttingsfast um úlnliðinn á mér og sagði síðasta orðið með hæðni. Mér leið ekki vel lengur og langaði ekki til að tala um brúðurnar hennar.

- *Nei mér þykir engin þeirra ljót.*

- *Skoðaðu þær þá betur, sagði hún hranalega.*

Ég gerði einsog hún bauð þótt mér væri það þvert um geð, blíndi á hverja brúðuna af annarri og fann hvernig maginn herptist saman þegar ég kom auga á eina milli tveggja kvenna sem virtust steypar í sama mót nema önnur hristi höfuðið einsog hún væri að neita einhverju en hin hreyfði það upp og niður einsog til samþykkis. Ég horfði á brúðuna í hniprinu. Maginn í mér ólgaði og hjartað sló hratt. Þetta var aumkunarverð kona, samanherpt og bogin og ég þurfti

að stappa í mig stálinu til að halda áfram að horfa á hana. Hvíta augnanna var óvenju mikil, augnalokin skorpin og breið og rétt glitti í augasteinana. Andlitið hafði yfir sér grábláan fölva, þykkildi einsog eftir brunasár við kjálkana, djúpar hrukkur og ör á báðum kinnum og náðu niður á stuttan, teygðan hálsinn. Munnurinn var víður og einsog skorinn í andlitið sem var án sjáanlegra vara og tungan þykk og grá stóð ögn út á milli stórra tanna. Þetta var eina brúðan án augnabrúna en gráar hárlýjur héngu niður úr hökunni og nefið var stórt og þrútið og þakið samskonar þykkildum og á kjálkanum nema blárrí. Hún var nakin og líkaminn einkennalaus og flatur. Það hreyfðist ekkert á brúðunni. Ég hélt niðri í mér andanum og reyndi að tæma hugann til að muna einhverjar línur úr bókunum mínum sem fjölluðu um fegurð en það komu engar línur og hjarta mitt sló svo hratt að ég fékk blóðbragð í munninn. Og fuglarnir mínir voru víðs fjarri.

- Finnst þér engin þeirra ljót? endurtók hún og var nú aftur byrjuð að strjúka á mér handarbakið en núna þótti mér snerting hennar óþægileg. Húðin var aum og hver stroka kallaði fram sársauka.

- Jú, sagði ég bara.

- Hver?

Hún sýndi mér enga miskunn, krafðist svara hratt og ísmeygilega og hætti að strjúka mér. Ég varð fegin því.

- Þessi samanherpta, sagði ég, benti á brúðuna og fann að hönd mín titraði.

- Það er von að þér þyki hún ljót, brúðan sú arna, samt er hún ekki fullgerð einsog þú sérð kannski, sagði hún þurrlega.

- Það hlaut að vera, sagði ég og neri saman höndunum. Mér var orðið kalt, mig langaði til að gráta og mig langaði óstjórlega til að fara burt úr þessu kaffiboði. Gestgjafi minn sem var ekki góður við gesti, neyddi mig til að horfa á brúður sem ég vildi ekkert um vita. Ég kærði mig ekkert um að sjá það sem misþyrmdi augum mínum og sálinni. Ég var vön að forðast það.

- Hvað heldurðu annars að það séu margar brúður hérna inni hjá mér? spurði hún þá og mig langaði ekki lengur til að gráta af því að tónninn í rödd hennar var hlýlegri og ég þóttist heyra að hún sæi eftir hörku sinni.

- Ég veit það ekki, sagði ég.

- Giskaðu þá á töluna, góða mín.

- *Ætli þær séu ekki fimmtíu?*
- *Gettu betur.*
- *Kannski sextíu?*
- *Gettu enn.*
- *Sjötíu?*
- *Nei, kona góð, í kringum þig eru áttatíuogsex brúður og það er aðeins ein þeirra ljót.*
- *Já.*
- *Finnst þér það ekkert merkilegt?*
Hún sat andspænis mér og sneri sér sitjandi í hringi á gólfinu. Hár hennar huldi andlitið og hendurnar voru krepptar um hnén.
- *Nei.*
Mér fannst það ekkert merkilegt.
- *Þessi brúða er eftirlíking þín, sagði gestgjafi minn.*
- *Ég veit það, svaraði ég.*
- *Pá veistu líklega til hvers ég bauð þér í kaffi?*

Bókmenntir og kaffiboð

Jórunn:

Já, það er mjög margfaldur textinn í *Stúlkunni í skóginum*. Ég man þegar ég las hana, þá var ég í útlöndum og ég var gersamlega uppnúmin, ég hafði bara aldrei lesið neitt þessu líkt! Svona öfgakenndar persónur, hvor í sína áttina, eins og þær Guðrún Magnúsdóttir og Hildur Sigurðardóttir brúðugerðarkona eru og um leið eru þær einhvern veginn mörk þess sem við þurfum svo á að halda og sem halda einhvern veginn utan um skáldskapinn. Maður var einhvern veginn alltaf að hugsa þegar maður las bækur: Hvernig er þetta hægt? Hvernig verður þetta allt til? Það sem ég er að hugsa, það sem höfundurinn hugsaði og hvernig við síðan mætumst í lestrinum á síðunum. Var það eitthvað þessu líkt sem þú varst að hugsa þegar þú varst að skrifa þessa bók?

Vigdís:

Nei, nei, ég hugsaði fyrst og fremst um hvað getur gerst í kaffiboðum! Ég hugsaði fyrst og síðast um það hvað getur gerst þegar tveir ólíkir pólar hittast í kaffiboði. En mér þykir auðvitað voða vænt um það sem

þú ert að lýsa. Þú lest þetta og verður svona ánægð með þessa bók og svona. Þetta er það sem ég held að rithöfundar séu alltaf að reyna, að ná einhverju sambandi við lesendur af því að í rauninni verður engin bók til fyrr en þetta samband næst. Það þýðir ekkert að gefa út bók og svo liggur hún bara einhvers staðar ofan í skúffu. Þótt maður óttist gagnrýni og annað og langi bara að hafa bókina ofan í skúffu, þá virkar hún ekkert fyrr en hún nær sambandi við lesanda sinn.

Og ég held að maður geti alveg sagt að samband þessara tveggja kvenna sé eins og samband lesandans og skáldsins. Eða megum við nota í dag orð eins og „skáldkona“? Hún Nína Björk var svo hrifin af orðinu „skáldkona“; ég ætla að nota það. En það er þessi þrá að ná sambandi við aðrar manneskjur. Það er þess vegna sem við gefum út bækurnar því annars værum við ekkert að því. Við viljum að fólk lesi þær, við viljum að fólk skyggnist inn í þær og finni þetta erindi sem við virkilega þráum að komi fram.

Þóra Sigríður:

Nú hefur þessi bók reynst bókmenntagreinendum eins og risavaxin Jaffa appelsína, hún er svo rosalega djúsi. Það er hægt að greina hana algjörlega sundur og saman og samt ertu aldrei með svörin, eins og gjarnan er með þínar bækur. En það liggur beinast við að spyrja þig út í þessa mynd af Guðrúnu sem hefur nú ekki útlitið með sér. Hún vill varðveita líf bókanna sem búið er að henda í ruslið. Hún elskar bækurnar sínar. Listakonan Hildur, sem er gullfalleg og býr til innantómar brúður, vinnur í því að klippa saman hið fullkomna viðtal við sjálfa sig. Spurningin er, eins og við vorum að tala um, hvort höfundurinn sé fyrir. Skiptir listamaðurinn meira máli en listin? Kastljósið beinist oft fremur að höfundinum en verkinu sjálfu, í viðtölum og gagnrýni og slíku, eins og við töluðum um áðan. Eru skilaboð til listamanna, lesenda og fjölmiðla þarna?

Vigdís:

Einföldustu skilaboðin í þessari bók eru þau að menn ættu kannski að reyna að vera aðeins minni monstrassar! Því ég held að það sé óskaplega tefjandi fyrir alla list og allt lífið þegar menn eru að rifna úr monti. Sem betur fer eru íslenskir höfundar ekkert voðalega miklir monstrassar, eða íslenskt listafólk. En sumir safna öllu sem um þá

hefur verið sagt og eiga það einhvers staðar til þess að fletta í ellinni. Það eru kannski einföldustu skilaboð sögunnar því Hildur gerir þetta allt saman. Og svo er þetta kannski líka spurningin um hvað þú getur gengið langt með hinni svokölluðu list. Hversu langt geturðu farið til þess að nálgast eitthvað sem þú heldur að sé einhver fullkomnun, sem er auðvitað ekki til? Hildur vill lifandi brúðu og til þess þarf hún í rauninni að fá hjarta úr einhverjum sem er svo ónotalegur í útliti að það myndi enginn sakna hans af götunum.

Þóra Sigríður:

Við vorum að tala um höfundinn og verkið og hvernig verkið er iðulega sett á bak við höfundinn. Stundum hefur spyrillinn jafnvel ekki lesið verkið og hann spyr: Er þetta um þig? Og fer svo að tala um eitthvað allt annað. Mér finnst eins og þetta sé svona ábending um það. Já, að vera minni montrassar, það er gott svar!

Vigdís:

Já, það er einfaldasta svarið. Ég held að við getum nefnilega öll ráðið við það!

Jórunn:

Mig langar að koma líka inn á hvernig þú fjallar um að gera hið fullkomna listaverk, það er hversu langt listamaðurinn getur gengið. Og þú notar í rauninni mjög gamalkunna aðferð því þetta með brúðuna er náttúrulega líka þekkt í ævintýrunum. Það er ekki alveg ljóst hvað gerist en það verða einhvers konar hamskipti. Smátt og smátt hefur fólk farið að átta sig á þessum tengslum bóka þinna við þjóðsagnaarfinn og goðsagnir og ævintýri. Þessi tengsl eru í rauninni í bókunum þínum alveg frá byrjun. Í *Tíu myndum úr lífi þínu* er meira að segja kvæði, ljóð um Þyrnirósu. Þannig að þessi tengsl eru þarna alveg frá upphafi. Er maður að tala í gegnum einhverja frumsál manneskjunnar í heiminum þegar maður fer í gegnum goðsagnirnar og ævintýrin og það allt saman?

Vigdís:

Ég er náttúrulega alin upp, eins og margir kannski hérna inni, við þjóðsögur og ævintýri og mikinn lestur og ljóðaáhuga. Ætli það fari ekki bara einhvern veginn inn í blóðrásina, komi af sjálfu sér? Rithöfundur sem skrifar í sakleysi sínu um eitt kaffiboð, hann hugsar ekkert um

bókmenntafræði, ekki neitt! Þetta er alveg hreint satt. Hann langar bara að skrifa um kaffiboð þar sem allt það óvæntasta í heiminum gæti gerst. Og ég var að reyna það.

Jórunn:

Og þér tókst það!

Vigdís:

Já, það gerðist þarna sem gerðist oft í gamla daga þó að það gerist ekki í dag, að menn skiptu um líkama. Það gera menn í draumum gjarnan, það verða einhvers konar hamskipti. Guðrún verður Hildur og Hildur verður Guðrún og þá hugsar maður með sér, er þetta kannski bara sama manneskjan?

Póra Sigríður:

Fer bókmenntafræðin í taugarnar á þér?

Vigdís:

Nei, auðvitað ekki. Það sem gerir bókum gott, fer ekki í taugarnar á mér. En þegar maður er að skrifa, þá er þetta svo langt frá manni. Ef ég hefði það alltaf í huga hvað bókmenntafræðin mun hugsanlega segja um það sem ég er að gera eða hvað gagnrýnendur munu segja við því sem ég er að gera, eða hvað amma hefði sagt ef hún hefði séð það, þá myndi ég kannski aldrei skrifa neitt. Maður verður bara að vera sjálfum sér trúur og ég hef alltaf reynt það. Og það búa í mér, eins og í flestu öðru fólki, ákveðnar öfgar og það sem er persónulegast, það er að takast á við öfgar í öðrum af því ég þekki þær sjálf. En þetta var líklega ekki svarið sem þú vildir fá!

Póra Sigríður:

Hvað eigum við að gera núna, Jórunn?

Jórunn:

Við skulum bara halda áfram. Ég er ráðin hér til þess!

Allar bæurnar þínar, og kannski á það við um allar bækur allra skálda, eru sérstakar með einhverjum hætti. Mér finnst þínar bækur samt einhvern veginn að sumu leyti sérstakari. Þær koma allar, hver fyrir sig,

eins og skrattinn úr nýjum sauðarlegg. Ég meina þetta með jákvæðasta undirtóni. Það má reyna að setja þær saman í einhvers konar kippur, eins og við höfum verið að reyna hér; börnin, skáldskapurinn, ástin, en allt verður þetta með sínum hætti frekar ruglingslegt. Líklega vegna þess að ferill höfundar er ekki einstigi. Það eru alltaf nokkrir boltar á lofti og svo verður kannski einn þyngstur eða fallegastur á einhverjum tíma. Mér hefur skilist að ein af þínum sérstökustu bókum og kannski sú sem er síst þekkt, *Nætursöngvar*, hafi verið lengi í smíðum og hafi oft þurft að víkja fyrir öðrum verkefnum. Mig langar til þess að biðja þig, áður en við förum inn í þennan heim *Nætursöngva*, að lesa aðeins upp úr bókinni, söguna af konunni og manninum með hrafshöfuðið.

Vigdís:

Þetta er saga um drauma og það er sem sagt kona og hún hittir alltaf sama manninn, níu nætur, og fer með honum í ferðalag. Hann er með hrafshöfuð, þessi maður. Ég ætla að lesa um stutt ferðalag sem þau fara í og það er maðurinn með hrafshöfuðið sem talar.

- Í nótt eigum við erindi í hrafnsþorpið mitt. Þar er nokkuð sem þig varðar um og þangað er stutt að fara. Og þegar við lendum á áfangastað drifum við okkur beint á aðalgötuna í kjörbúðina á horninu. Við verðum endilega að kaupa eitthvað inn. Okkur er líka nauðsynlegt að hitta fólkið í versluninni. Það er kannski þegar öllu er á botninn hvolft okkar mikilvægasta verkefni að hitta fólk, sagði hann.

Og hann hafði ekki fyrr lokið setningunni en við vorum stödd í stórri og mikilli kjörbúð þar sem hátt var til lofts og vítt til veggja. Þegar ég leit í kringum mig sá ég fjölda fólks og allt virtist það brennt sama marki og hann, hafði hrafshöfuð og mannslíkama.

Ég fann fyrir miklum framandleika þarna en reyndi að gleyma því.

- Skrýtið, hugsaði ég.

- Hvað er svona skrýtið sagði hann, kinkaði kolla, brosti á báða bóga og hafði ekki undan að heilsa.

Ég þóttist sjá að hann þekkti alla nærstadda enda gerði hann sig heimakominn í versluninni.

- Svo þetta er þá kjörbúðin í þorpinu þínu?

- Heldurðu að þetta sé þorpið mitt af því að í kringum þig eru allir með hrafshöfuð? sagði hann og kímdi.

- Þú varst nú búinn að segja það sjálfur og ég trúi því sem þú segir, svaraði ég sem satt var.

- Þá ætla ég ekki að ræða það frekar. Ég mun bara leiða þig um búðina, kannski þú verðir einhvers vísari, sagði hann og teymdi mig á eftir sér um verslunina en í fljótu bragði sá ég ekkert sem ég hafði ekki séð áður í öðrum venjulegum kjörbúðum eða stórmörkuðum, nema eldrauð spjöld við afgreiðslukassana.

Á spjöldin stóð skrifað stórum gulum stöfum: Aðeins fólk með hrafshöfuð fær afgreiðslu í þessari kjörbúð.

- Ég fæ þá ekki afgreiðslu hér? sagði ég.

- Hvers vegna heldurðu það?

- Er þessi búð ekki bara fyrir fólk með hrafshöfuð?

- Hvað er það sem fær þig til að segja þessa vitleysu, kona?

- Það stendur á spjöldunum.

- Hvaða spjöldum?

- Rauðu spjöldunum við afgreiðslukassana.

- Ég sé engin spjöld hérna inni í búðinni, hvorki við kassana né annars staðar.

- Ertu að segja að ég sjái ekki það sem ég sé?

- Ég sagði að við kassana væru engin spjöld og ég ætti að vita það. Það er ég sem er eigandi búðarinnar. Ég sem set allar reglurnar. Ég bý þær til. Og ég hef ekki gefið starfsmönnum neinar fyrirskipanir um að setja upp spjöld við kassana. Enda eru hér engin spjöld eins og ég hef sagt þér, sagði hann og kallaði yfir búðina svo glumdi hátt og virtist bergmála í hverju skoti:

- Ef það er einhver hérna inni sem sér áletruð spjöld við kassana eða annars staðar í búðinni þá vil ég að hann gefi sig fram þegar í stað og láti mig vita!

Það ríkti dauðapögn og ég ætlaði ekki að trúa mínum eigin augum þegar enginn lét í sér heyra. Fólkíð starði fyrst á kassana, þá leit það í kringum sig og hvert á annað og síðan horfði það spyrjandi á hann. Mér varð ljóst að annaðhvort virtist það ekki sjá spjöldin eða lét sem það sæi þau ekki.

Og þarna stóð ég og gerði mér mér grein fyrir að þetta fólk virtist lúta vilja hans leynt og ljóst, svara því sem hann vildi heyra og sjá það sem honum þóknaðist að það sæi.

Ég virti fólkíð fyrir mér.

Það stóð allt saman í einum þöglum hnappi á miðju gólfi

verslunarinnar klætt einlitum gulum fötum eða grænum og skóm í sama lit. Þetta var þögult og tómlegt fólk, hver maður með hendurnar fyrir aftan bak og allir lutu höfði.

Enginn bærði á sér.

En allt í einu heyrðist hljóð úr horni og lítill stúlka gerði vart við sig. Hún steig fram fyrir hópinn. Þetta var þybbin stúlka og kubbslega vaxin en með glaðlegar handahreyfingar. Og íklædd gulum kjól og skóm gekk hún að manningum með hrafshöfuðið, horfði með spurn í augum upp til hans og sagði um leið og hún smellti í góm:

- Er þessi kona með hausinn kærastan þín?

- Nei, það er hún ekki, vina mín, svaraði hann og var óvenju fljótur til máls.

- Hvers vegna er hún þá með þér hérna inni í búðinni þinni með þennan haus og þessi augu sem sjá tóma vitleysu og þennan munn sem spyr fáránlegra spurninga og gerir okkur ekkert nema ringluð?

- Hún er með mér vegna þess að ég vil að hún sjái eigin mínar og ég vil líka að hún sjái ykkur. Þið eruð fólk mitt, sagði hann.

- En hvers vegna viltu alltaf að einhver kona með haus komi hingað og sjái okkur og það sem þú átt? spurði litla stúlkan.

- Það er vegna þess að hún þarf þess, svaraði hann.

- Hvers vegna?

- Vegna þess að ég segi það.

Yndislegt að verða fyrir áhrifum

Þóra Sigríður:

Já, ég held að þetta sé nú bara einhver fyndnasti kafli sem ég hef lesið. Ég ætla að segja eina stutta sögu. Það vildi þannig til að ég var lögð inn á spítala og fór í uppskurð og þurfti að vera á morfíni heila nótt. Ég var með Ipad með mér og *Nætursöngva* í lestri Vigdísar í eyrunum og það sem einfaldlega gerðist, var að ég fór á tripp! Ég fór á flug með bókinni, fór meðal annars inn í þessa kjörbúð og sá þessa litlu, þybbnu stelpu, nöldursömu með gogginn. Og ég hló svo mikið að hjúkrunarkonurnar komu inn til að athuga hvort það væri ekki í lagi með mig! Ég sagði Vigdís áðan að ég héldi að sjaldan hefði lesandi farið jafn djúpt inn í textann og ég að þessu sinni.

Bókin fjallar sem sagt um níu drauma. Konan fer með manninum með hrafshöfuðið í gegnum níu drauma og svo fer hún með reynsluna með sér inn í vökuheima en draumaheimurinn virðist yfirtaka líf hennar og hún saknar hans mjög mikið þegar hún er vakandi. Maður hættir að vita hvað er draumur og hvað er vaka. En maðurinn með hrafshöfuðið segir henni að hún muni skrifa sögu þeirra.

Spurningin mín er þessi: Hvað gerist á milli þín sem höfundar og sögupersóna? Þú hefur oft sagt að persónur bókanna hafi náð yfirráðum yfir þér og að þú hafir staðið þig að því að svara eins og persóna í bókunum. Hvernig er lífið með þeim? Hvernig koma þær til þín? Hvernig ná þær yfirráðum? Lendirðu upp á kant við þær og svo framvegis?

Vigdís:

Já, þær verða nú voða lifandi fyrir mér, þessar persónur, margar hverjar, ekkert allar. En það er kannski ekki endilega hægt að segja að þær nái yfirráðum, frekar að þær nái yfirhöndinni. Þær ráða aldrei yfir mér. Það hefur aldrei farið þannig að ég hafi algjörlega breyst í manninn með hrafshöfuðið en þetta er bara svona með ferlið að skrifa, það tekur mann allan. Og ég skrifa oftast í törnum og maður brennur hratt upp í törnum og þá lifi ég mig meira inn heldur en ef ég skrifa kannski stutt á dag eins og sumir gera.

En þetta verður aldrei neitt geggjað. Ég verð aldrei alveg önnur manneskja. Ég man alltaf eftir mér þarna þegar ég er að fá mér hafragrautinn á morgnana. En þetta er sterkt samband. Maður hlýtur að eiga sterkt samband við fólk sem maður elskar. Því það er alveg sama þótt þetta fólk komi þér fyrir sjónir sem andstyggilegt og ómögulegt og ég veit ekki hvað; ég elska það! Maður samsamar sig alltaf þeim sem maður elskar, einhvern veginn. Og það er bara svona einfalt með þetta fólk, þó að það sé ekki endilega af holdi og blóði.

Póra Sigríður:

Þú talar samt um það eins og það sé af holdi og blóði, til dæmis þegar Nína hverfur og þú tælir hana aftur til þín. Bankar það upp á eða kemur það í draumi?

Vigdís:

Já, það kemur í draumi og þegar fer að ganga dálítið vel að skrifa þá dreymir mig það líka, þetta er bara þannig. Hver þekkir það ekki, sem hefur til dæmis verið kennari, að dreyma kennaradraum? Að vera búinn að týna öllu og muna ekkert þegar maður á að fara að mæta og kenna fullt af fólki? Að dreyma að maður sé búinn að týna prófblöðunum sem maður ætlaði að leggja fyrir nemendurna? Þetta er eins þegar mig fer að dreyma þetta fólk. Og svo þegar það fer frá manni, þá er það eins og þegar einhver, sem maður elskar, kærir sig ekkert um að vera með manni lengur. Það er nú svona einfalt og það gerðist með þessa bók, *Trúir þú á töfra?* Persónan fór frá mér og vildi ekkert við mig tala. Og ég lýsi því svona af því að svona var það. Ég reyndi alls konar tælingar til að fá hana til baka, bara fá eitthvað frá henni, að hún væri þarna ennþá, að hún vildi að ég skrifaði um hana. Ég las Nínu Björk afturábak fyrir hana, ég gerði allt en nei, hún hlustaði ekki. Og þá fór ég að mála, af því hún málaði, þá málaði ég. Og eftir tvö og hálf ár þá kom hún aftur. Það er ekki hægt að segja að það hafi verið eitthvað undarlegt en þá bara kom hún. Eins og þegar ástin kemur aftur. Og það góða við það var að hún var alveg eins og þegar hún fór. Hún hafði ekkert elst, árin höfðu ekkert gert annað en gott fyrir hana. Og okkar samband var aldrei sterkara og innilegra heldur en eftir að hún kom aftur. Er þetta skýrt?

Jórunn:

Við minntumst aðeins á, í sambandi við *Ísbjörgu*, hvort þú hefðir unnið eftir heimildum og það hefur komið berlega í ljós, til dæmis í *Kaldaljósi*, þar vannstu talsvert með heimildir. Skiptist vinnan hjá þér í tvennt, það er undirbúningurinn og þegar þú sest niður í þessar tarnir? Þegar þú byrjar að skrifa, ertu þá komin með einhvern heim eða einhverja svona afmörkun á því sem þú ætlar að skrifa um?

Vigdís:

Já einmitt, þá er ég búin að lesa heilmikið og svo er maður náttúrlega eins og aðrir höfundar, sílesandi, sístelandi, verðandi fyrir áhrifum. Ég reyni að fylgjast vel með, kannski af því að ég var kennari svo lengi. Það er bara svona kækur að reyna að lesa allt sem kemur út og græða sem mest á því, auðvitað. Ég hef svo sannarlega grætt mikið á því og stolið miklu frá öðrum höfundum. Ég hef líka gert það með því að vísa

til þeirra og segja að þetta hafi ég fengið að láni, takk fyrir! Og ég hef líka falið það inn í texta. Það er yndislegt að verða fyrir góðum áhrifum.

Jórunn:

Maður finnur það líka stundum sem lesandi að það kemur fyrir eitthvað atriði í textanum, til dæmis núna þegar ég var að lesa *Stúlkuna í skóginum* aftur og lesa um rauðu gormabókina hennar og samninginn sem hún gerir. Hún lofar að læra utanbókar einhverjar línur í einhverri bók á hverjum degi og það er nú ekkert smáræði. Og þá allt í einu mundi ég eftir Þórbergi og hans samningi. Það er þó ekkert víst að það hafi hvarflað að Vigdísí nokkurn tímann að...

Vigdís:

Ég get alveg upplýst það hér að stúlkan í skóginum, og nú vandast nú málið, er Þórbergur!

Jórunn:

Nú lýgurðu?

Vigdís:

Nei, hún er Þórbergur!

Jórunn:

Þú ert að finna þetta upp núna!

Þóra Sigríður:

Nú verðum við að byrja að greina bókina upp á nýtt.

Jórunn:

Nú er það svart, maður!

Þóra Sigríður:

En sækirðu inspírasjón í tónlist eða hvar færðu helst inspírasjónir?

Vigdís:

Bara hvarvetna, hér og nú, alls staðar auðvitað, þetta hefur allt áhrif á mig. Ég hef orðið fyrir miklum áhrifum af ljóðum, fleiri ljóðum en ljóðum Nínu. Til dæmis ljóðum eftir Þorstein frá Hamri. Hann hefur endalaus

áhrif á mig, hann Þorsteinn frá Hamri. Ég veit ekki hvaða rosalegur botn er í þeim manni og stórir himnar sem hann hefur byggt. En ég hef reynt að týna af þeim eina og eina stjörnu og stela henni en oftast hef ég látið þess getið. Og ég hef orðið fyrir mjög mikilli upplifun af að lesa Ingibjörgu Haralds. Ég var ekki á morfíni þegar ég las *Höfuð konunnar* og varð þó fyrir rosalega miklum áhrifum!

Þóra Sigríður:

En þegar þú varst krakki, hvaða bækur höfðu mest áhrif á þig?

Vigdís:

Ætli það hafi ekki verið ævintýri þar sem nornin var slitin í sundur af tveimur óðum hestum í lokin og ég varð voðalega fegin. Jú, það voru ævintýri, það voru þessi gömlu Grimms ævintýri.

Þóra Sigríður:

Sem sjást svo vel í öllu höfundarverkinu, maður er alltaf minntur á þau.

Jórunn:

Það er líka alls konar óhugnaður úr íslenskum þjóðsögum í bókunum, finnst mér.

Vigdís:

Þetta eru þjóðsögur og þetta eru líka höfundarnir sem eru meðal vor, eins og sagt er. Kristín Ómars hefur glatt mig mikið, bæði sem vinur og ljóðskáld, og Guðrún Helgadóttir. Ég get svo líka talið upp alla hina sem hér eru í salnum, ég ætla bara ekki að gera það.

Þar er fegurðin mest

Jórunn:

Mig langar að koma inn á bækur sem fjalla um heim sem mér finnst alveg gríðarlega merkilegur og það er þrilekurinn *Frá ljósi til ljóss*, *Hjarta, tungl og bláir fuglar* og *Þegar stjarna hrapar*. Þetta er í rauninni átjándi bókinn, þegar þessar bækur koma út allar þrjár saman í einni bók. Þessi bók, sem kemur út árið 2005 ef ég man rétt, er byggð á

raunverulegum persónum og atburðum. Mig langar svo að tala svolítið um þetta ferðalag þitt á slóðir þessa fólks sem þú ætlaðir að skrifa um, ferðalagið til Mexíkó, Madridar og Santa Fe og þann heim sem þú sækir þangað. Það hafa verið litir áður í bókunum þínum, sterkir litir og mikil ævintýraveröld, á ströndum, í skógum og guð má vita hvar. En þarna er kominn einhver þvítíkur sláttur. Þú skrifaðir tvær fyrstu bækurnar beinlínis á þessum stað?

Úr sal:

Má ég koma með eina spurningu, af því við erum að renna út á tíma? Ég ætlaði að spyrja þig um köttinn?

Jórunn:

Augnablik, við komum að honum – ég skal ekki gleyma því! En ef við aðeins dveljum við *Prenninguna*; við Rósu og Lenna og Róbert og Brúnan og Bláan og hvað þau nú heita öll. Þetta er gífurlegur flokkur persóna. Við höfum alveg tíma, öndum rólega!

Vigdís:

Ég segi frá því í formála þessarar bókar að ég hafi fengið bréf. Þetta með sannleikann í þessari bók er nú svona lyginni merkt dálítið en grunnurinn er sannur og það er alveg blágrunnurinn! Ég fer sem sagt til Nýju Mexíkó að elta fólk, sem ég finn meira og minna ekki þar og skrifa þessar bækur tvær, *Frá ljósi til ljóss* og *Hjarta, tungl og bláir fuglar*. Ef þær hafa verið í lit, þá er það af því það eru svo rosalega miklir litir í Nýju Mexíkó og það eru svo miklar öfgar í Nýju Mexíkó. Og við sem höfum ekkert hérna og erum í rosalega mikilli kreppu, við höfum þó vatn til að drekka en öll kosningabaráttan þar snýst um vatn. Sá sem er útsjónarsamastur varðandi vatn, hann vinnur, í Nýju Mexíkó. Það er fátækasta ríki Bandaríkjanna en þar býr líka ríkasta fólk. Og að fara inn á þessa staði eins og Madrid, - hugsað ykkur, þetta er 80 manna þorp sem heitir Madrid! Það eru stór og mikil skilti sem liggja að þessu þorpi. Og það er algjörlega horfinn heimur, þar lifa menn bara í tengslum við náttúruna.

Og vegna þess að tíminn er algjörlega búinn þá get ég ekki talað meira um þetta en ég bara hvet ykkur eindregið til að fara til Nýju Mexíkó. Það er svo yndislegt og þó að í kringum dalina og efst í fjöllunum búi

fólk sem á svo mikið í Texas að það er að flytja eigur sínar yfir til Nýju Mexíkó, og þó að þar séu kvikmyndastjörnur sem vita ekki aura sinna tal og indíánar sem eiga ekkert að borða, þá er samt fegurðin mest hjá þeim.

Og ég ætlaði að lesa um hórur og ýmislegt en við erum öll hórur og ég þarf þess ekki! Mig langar að lesa og gefa ykkur það sem mamma mín gaf mér einu sinni fyrir löngu, mig langar að gefa ykkur það. Svona gefur maður það sem manni var gefið og það er svona: Og árin gægðust yfir fjallið, fundu gimstein sem einatt mun fylgja þér. Takk fyrir.

Jórunn:

Þetta var dásamlega fallett og væru vel viðeigandi lokaorð og þú ætlaðist væntanlega til þess en ég ætla ekkert að leyfa það því við eigum fimm mínútur eftir. Og jafnvel þó að við náum engan veginn utan um það sem mig langar svo óskaplega að tala um, á þessum fimm mínútum, nefnilega um höfundinn í *Prenningunni*, hana Dídí í París, sem ein af persónum bókarinnar leitar svo uppi og meira að segja drepur, ef út í það er farið. Og tala um söguna sem er svo sterk í þeirri bók og afvegaleiðslu og fláræði og lymsku textans hennar Vigdísar en sem er líka svo fagur. Og ég man þegar ég las þessa bók, það var ári eða tveimur eftir að hún kom út og ég hafði verulegar áhyggjur af þessu: Er hún að segja mér að hún ætli ekki að skrifa meira? Að hún sé bara hætt að skrifa skáldskap? En þá kom ég auga á dökklædda lírukassakonu sem átti nú eftir að segja eitthvað, að minnsta kosti ákveður þessi sögupersóna sem fer á fund Dídíar að þessari lírukassakerlingu muni hann gefa á baukinn þótt síðar verði, hann ætlar ekki að sinna henni núna. Deyr höfundurinn alltaf pínulítið við hverja bók?

Vigdís:

Hann breytist, það verður alltaf nýtt ár. Jú, hann breytist við hverja einustu bók.

Jórunn:

Fannst þér ekkert erfitt að láta fara svona með Dídí?

Vigdís:

Að drepa hana?

Jórunn:

En hún er kannski ekki þú heldur!

Vigdís:

Ég lofaði dóttur minni alltaf, í gamla daga, eftir hverja einustu bók, að þegar þessi bók væri búin þá myndi ég ekki skrifa aðra. En svo kom alltaf eitthvað sem gerði það að verkum að hún sagði: Mamma, nú er þetta komið í augun á þér, nú byrjar þetta aftur. Og það gerðist.

Þarna gerði ég ítrekaða tilraun til að drepa þessa konu, hana Dídí. Sem er nafn sem í rauninni Siggi Páls og konan hans, Kristín, gáfu mér. Mér fannst upplagt að drepa hana Dídí og gerði það samviskusamlega. En kvikindið vaknaði aftur sem aldrei fyrr og hefur nú verið iðið við kolann síðan.

Jórunn:

En ég ætla ekki að gleyma kisunum, spurningunni um kisurnar!

Úr sal:

Mig langar bara að fá að vita hvort þú þekkir einhverja fleiri sem fara svona út í ketti.

Vigdís:

Nei, ég veit ekki um fleiri sem fara út í ketti en það er ekki tilviljun að þetta eru kettir. Það er vegna þess að stelpan í bókinni málar ketti. En ætli ég fari ekki í hundana næst!

Jórunn:

Eigum við ekki að ljúka þessu eins og við byrjuðum? Við komumst líklega ekkert lengra.

Vigdís:

Á ég þá að lesa núna úr *Trúir þú á töfra*?

Jórunn:

Já, kannski einhvern smákafla svo við höldum okkur við þessa hringhugsun í tíma og rúmi sem við höfum kynnst svo vel í þínum bókum. Þótt við höfum ekki rætt um það hér frekar en ýmislegt annað.

Við höfum rætt margt en margt er líka órætt, kannski sem betur fer. Leyfum skáldskapnum að tala að lokum. Ég átti að minna alla gesti á að eftir að Ritþinginu lýkur þá er boðið upp á léttar veitingar hérna frammi og það er líka hægt að kaupa þessa bók og svo getum við í rauninni haldið áfram að spjalla saman, ekki satt? Gjörðu svo vel Vigdís, gerðu það sem þú vilt.

Eftir að ég hitti rauðu kettina í draumnum varð stefna mín hnitmiðuð, ég ætlaði svo sannarlega að mála á múrinn. En núna þegar ég horfi fegin um öxl sé ég hversu sakleysisleg heimsmynd mín var; samt iðrast ég ekki.

Vetrarmyrkrið í þorpinu okkar er mjúkt og heitt og tunglið sem rennur tígullega yfir næturloftið skilur eftir sig fléttaðar ljósrákir efst í glerkúplinum sem týnast á sekúndubroti í heiminn fyrir utan; þennan heim, sem svo margir hérna inni vona að hafi ekkert breyst öll þessi ár sem þeir hafa dvalið hérna.

Hversu einkennileg hugmynd er það? Hversu fáránlegt er það að vona að heimurinn fyrir utan hafi staðið í stað, að ekkert hafi breyst, að allt sé einsog það var og að hægt sé að ganga að öllu sínu einsog enginn tími hafi liðið. Hversu mikil blekking er það? En hvernig sem allt veltist og verður og hvernig svo sem heimurinn úti er, þá er för minni heitið þangað; ég stefni ótrauð héðan og út og ég mun leggja það í sölnurnar sem ég þarf til að ná markmiði mínu.

Ég er staðráðin í að kynnast lífinu fyrir utan; þar mun ég ganga mína leið og hverfa til fjalla eða undir fossa eða til óþekkra borga eða bæja og kaupa kannski blóm af ýmsum gerðum og banka svo upp á í lágreistu húsi sem stendur efst í einhverri götu í einhverju þorpi þar sem er útsýni til allra átta.

Hvílík fegurð og trúlega heyri ég fuglasöng.

Mér sýnist húsið sem ég stend fyrir framan vera í eigu ungs, svarthærðs manns, aldrei hef ég séð svo fallegan mann, sem rekur lítið reiðhjólaverkstæði.

Núna er hann kannski að festa nýtt dekk á blátt hjól sem hann er að gera við fyrir einhverja stelpu; mikið sem maðurinn er ótrúlega

fingrafimur. Ég stoppa hjá honum og dáist að hjólinu og fallega gulri húð hans og vöðvunum á upphandleggjunum og bakinu og þá segir hann allt í einu upp úr þurru að það sé stelpa sem biði eftirvæntingarfull eftir hjólinu og að hann hlakki til svo til að afhenda henni það.

- Kannski er ég þessi stelpa, segi ég og legg blómvönd á stéttina við hliðina á hjólinu og hann horfir á mig heitum augum og tekur við blómunum og biður mig um að koma við seinna ef ég eigi leið hjá.

Hann þarf hvorki að fá leyfi til að þiggja blómin mín né þarf hann að vara sig þegar hann setur þau í gulan vasa og stillir vasanum svo á lítið borð með hvítum dúk sem stendur fyrir framan verkstæðið hans; maðurinn virðist mega allt, hann virðist stjórna sér sjálfur og gera allt einsog ekkert sé, einsog engin sé reglan, og það er svo ótrúlega heillandi að mig langar til að sleikja svitadropana af brjósti hans, langar að renna fingrunum í gegnum svarta hárið hans, renna mér undir hann, strjúka hann allan, mig langar að vera hjólið sem hann snertir og blómin sem hann setur í vasa, mig langar að vera jörðin sem hann gengur á, grasið sem finnur fyrir fótum hans, mig langar að vera verkfærið í höndum hans.

Ég á mér ástardraum og ég ætla að láta hann rætast.

Ög þegar ég kveð svarthærða manninn, sem læðist inn í draumana mína hvenær sem honum þóknast og elskar mig, veit ég að ég mun hitta hann aftur af því að hann verður þarna á verkstæði sínu á hæðinni þar sem sér til allra átta og bíður mín.

Í þorpinu hans eru engin gul rökkurengi og engir grafreitir og engin kórhús og enginn ótti og engin lög um það hvernig maður á að sitja og standa og hugsa og vera og ég veit að þetta er maðurinn sem ég verð gömul með í garðinum mínum.

Ég veit að þetta er ástin mín sem ég þarf aldrei að sakna. Þetta er hann sem verður alltaf hjá mér, hann sem alltaf mun elska mig og þrá mig; já, hann sem er fegurstur allra mun alltaf þrá hana Nínu sem mun mála hann í kattarlíki á múrinn einn daginn; hversu fagur verður sá köttur og yndisleg á honum rófan sem hann vefur utan um mig í gulum kjól með rauðan blómvönd í fanginu; já, þetta er sá sem ég mun aldrei þurfa að sakna.

- Það er svo grimmt að sakna, kannski er sárast af öllu að sakna,

sagði við mig gömul kona í kórhúsi Huldu þegar ég renndi henni út á veröndina af því að hana langaði svo til að sjá yfir á engið til hóranna sem höfðu tekið á móti óheyrilegum fjölda manna nóttina áður og lágu á víð og dreif um garðinn sinn í morgunsloppunum.

Ég sá að læk'nirinn stumraði yfir einni þeirra, hann hafði greinilega mjög hraðar hendur, ég vissi að hann varð að koma henni í lag fyrir hádegistörnina svo hann lagði mikla alúð í verkið.

- Þær eiga svo fallega morgunsloppa, Rósunar, sagði ég.

- Það er gott að þær hvílast í fallegum sloppum, sagði hún.

- Þær eru örugglega voðalega þreyttar, sagði ég.

- Það er ekki nema von, það var rosalegur hamagangur á þeim í nótt, þær verða varla búnar að jafna sig fyrr en um hádegðið, hann má hafa sig allan við núna, læk'nirinn, helvítis óhljóð í þeim bara og æsingurinn í varðmönnum, þeir voru herna allir tólf og hömuðust eins og villtir andskotar. Já, það er grimmt að sakna næturkyrrðarinnar hvert einasta aukatekið kvöld, Nína litla, sagði sú gamla þegar ég stillti henni upp á veröndina svo hún sæi vítt yfir engið og missti ekki af neinu.

- Saknarðu þá næturkyrrðarinnar mest? spurði ég.

- Ég veit ekki hvers ég sakna mest, Nína, en þegar traffikin er mikil hjá Rósunum og ég get ekkert sofið þá sakna ég næturkyrrðarinnar, svona gömul kona einsog ég verður að fá hvíld. Hvíldin er næstum okkar einasta næring herna í kórhúsi Huldu, þú veist það, kvakar hún og bætir við nokkrum orðum um afvelta hórurnar í garðinum og segist svo ætla að þegja, hún megi til, hún verði að spara röddina sína fyrir kórsöng kvöldsins, hljómurinn verði varla upp á marga fiska eftir vökunóttina.

Löngu seinna mála ég mynd af hórunum okkar á múrinn.

Þær sitja átta saman við hvítt langborð á grænu veröndinni fyrir framan háreista húsið sitt á enginu gula og gæða sér á kræsingum dagsins; hvítu fuglakjöti, rauðu nautakjöti, grænleitum pastaréttum, ávöxtum og alls konar grænmeti - og þær drekka vín úr háum gullbikurum og skála hver við aðra.

Þær eru grannvaxnar og vel til hafðar, hárið flæðir um axlirnar, rauðir kjólarnir eru aðsniðnir, þröngir um þjó og mitti og flegnir svo sér í þykk brjóstin.

Til borðs með þeim situr læk'nirinn þeirra í bláum sloppi með eyrum reist. Hann heldur á kjúklingalæri í annarri hendinni og bikar

í hinni og á borðinu fyrir framan hann blikar á fínlegu, silfurdregnu áhöldin hans.

- Þær eru sjálfum sér líkar, alltaf síétandi, segir mamma þegar hún virðir Rósurnar fyrir sér á múrnum, hallar undir flatt og ætlar aldrei að geta hætt að stara á þær, gengur meira að segja alveg upp að múrnum og snertir bylgjandi hár einnar þeirra.

- Næstum eins og lifandi hár, Nína, hvíslar hún.

- Sástu strax að þetta eru þær? spyr ég og þykist vera undrandi.

- Maður sér nú í gegnum kettina þína, segir mamma, á maður ekki líka að gera það, Nína mín, er ekki ætlast til þess?

- Kannski.


Jórunn:

Mig langar svo að þakka honum Hrafni Jökulssyni alla aðstoð. Hann átti að vera hérna hjá okkur á sviðinu og hann er þarna aftast og veifar til okkar. En við þökkum honum alla aðstoð og þann stuðning sem við fundum fyrir hér á sviðinu í dag.



Ritstjórn / Inga Sigrún Pórarinsdóttir
Umbrot og hönnun / Kristín Póra Guðbjartsdóttir
Hljóðritun / RÚV
Útgefandi / Menningarmiðstöðin Gerðuberg 2014

Samantekt er í samræmi við það sem fram kom á Ritþinginu
og túlkar sjónarmið þeirra sem þar töluðu.



Menningarmiðstöðin Gerðuberg